

**Hafrannsóknastofnun**  
04 406

**Ársreikningur 2019**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Hafrannsóknastofnun**  
**kt. 470616-0830**  
**Skúlagata 4, 101 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hafrannsóknastofnun er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérлага. Stofnunin er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og vatnarannsóknna og gegnir lögum samkvæmt mikilvægu ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu auðlinda hafs og vatna."&" Stofnunin hefur þrífætt hlutverk; að stunda rannsóknir á hafinu, ferskvatni og lífríki hafs og vatna, að veita ráðgjöf til stjórnvalda um sjálfbæra nýtingu auðlinda og miðla upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og almennings.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 4.439,7 milljónir og afkoma kr. 25,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -215,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 2.345,4 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Hafrannsóknastofnunar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Hafrannsóknastofnunar fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Sigvaldi Egill Lárusson  
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	2.823.272.095	2.376.100.000
Seld þjónusta .....	3	76.055.325	104.036.983
Vörusala .....	4	547.120.984	434.353.721
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	792.312.904	788.293.863
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	200.945.680	188.025.657
<b>Tekjur samtals</b>		<b>4.439.706.988</b>	<b>3.890.810.224</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	2.621.698.421	2.546.992.078
Framlög og tilfærslur .....	6	113.114.364	45.037.781
Annar rekstrarkostnaður .....	7	1.478.053.320	1.349.987.993
Afskriftir .....	8	200.945.680	188.025.657
<b>Gjöld samtals</b>		<b>4.413.811.785</b>	<b>4.130.043.509</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>25.895.203</b>	<b>(239.233.285)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		2.970.034	14.717.544
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	9	(3.779.095)	(14.868.842)
		(809.061)	(151.298)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>25.086.142</b>	<b>(239.384.583)</b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	10		
Áhöld, tæki og búnaður .....		680.372.892	415.804.709
Farartæki og vélar .....		1.358.136.922	1.451.269.755
Aðrar eignir .....		4.126.761	2.939.018
		<u>2.042.636.575</u>	<u>1.870.013.482</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	11	531.204	531.204
		<u>531.204</u>	<u>531.204</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>2.043.167.779</u>	<u>1.870.544.686</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		65.600.591	179.497.664
Tengdir aðilar .....	12	10.695.892	165.428.773
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		772.277	111.200
Handbært fé .....	13	225.191.271	146.173.112
		<u>302.260.031</u>	<u>491.210.749</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>302.260.031</u>	<u>491.210.749</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>2.345.427.810</u>	<u>2.361.755.435</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	14		
Hrein eign .....		(215.795.402)	(240.881.544)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>(215.795.402)</u>	<u>(240.881.544)</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	12	133.437.239	349.861.070
Viðskiptaskuldir .....	15	180.318.776	86.697.016
Ýmsar skammtímaskuldir .....	16	310.101.746	218.667.762
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	17	1.937.365.451	1.947.411.131
		<u>2.561.223.212</u>	<u>2.602.636.979</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>2.561.223.212</u>	<u>2.602.636.979</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>2.345.427.810</u>	<u>2.361.755.435</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	18		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		25.086.142	(239.384.583)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8	200.945.680	188.025.657
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(200.945.680)	(188.025.657)
		<u>25.086.142</u>	<u>(239.384.583)</u>
Breyting rekstartengdra eigna skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		113.235.996	(20.718.637)
Tengdir aðilar .....		(244.359.723)	155.284.475
Skammtímaskuldir .....		<u>185.055.744</u>	<u>26.390.708</u>
		53.932.017	160.956.546
		<u>79.018.159</u>	<u>(78.428.037)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Eignahlutur breyting .....		0	(81.204)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	10	(373.568.773)	(148.368.508)
		<u>(373.568.773)</u>	<u>(148.449.712)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		182.668.773	(77.397.694)
Fjárfestingarframlag .....		125.900.000	172.000.000
Önnur framlög til fjárfestinga .....		<u>65.000.000</u>	<u>53.766.157</u>
		373.568.773	148.368.463
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		79.018.159	(78.509.286)
		<u>146.173.112</u>	<u>224.682.398</u>
		<u>225.191.271</u>	<u>146.173.112</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Aðrar tekjur

Aðrar tekjur Hafrannsóknarstofnunnar koma til vegna sölu á aflaheimildum.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

## Skýringar

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrningu og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrningar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísending sé um virðisýrningu. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrningunartap fært í yfirlit um afkomu.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Skip og bátar .....	10-30 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.



## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að fráðreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjárskráttar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## Skýringar

	2019	2018
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	2.823.272.095	2.446.200.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....	0	(70.100.000)
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2.823.272.095	2.376.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	200.945.680	188.025.657
	<b>3.024.217.775</b>	<b>2.564.125.657</b>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	2.696.800.000	42.000.000	0	2.738.800.000
Fjárlög .....	77.000.000	0	0	77.000.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	7.472.095	0	0	7.472.095
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>2.781.272.095</b>	<b>42.000.000</b>	<b>0</b>	<b>2.823.272.095</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum ....	(2.685.071.589)	(113.114.364)	0	(2.798.185.953)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>96.200.506</b>	<b>(71.114.364)</b>	<b>0</b>	<b>25.086.142</b>

	2019	2018
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	76.055.325	104.036.983
	<b>76.055.325</b>	<b>104.036.983</b>

<b>4 Vörusala</b>		
Seldur afli .....	547.120.984	434.353.721
	<b>547.120.984</b>	<b>434.353.721</b>

<b>4 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Leigutekjur .....	196.017.032	0
Kostnaðarhlutdeild .....	0	12.907.321
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	485.867.435	655.350.829
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	35.886.686	49.714.726
Ýmsar tekjur .....	74.541.751	70.320.987
	<b>792.312.904</b>	<b>788.293.863</b>

<b>5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>		
Laun .....	2.090.153.565	2.047.565.153
Orlof, breyting .....	46.988.471	16.927.150
Launatengd gjöld .....	478.261.063	473.901.626
Starfsmannakostnaður .....	6.295.322	8.598.149
	<b>2.621.698.421</b>	<b>2.546.992.078</b>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	192,9	192,9

## Skýringar

	2019	2018
<b>6 Framlög og tilfærslur</b>		
Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta .....	41.838.223	6.392.668
Rekstrartilfærslur aðrir .....	71.276.141	38.645.113
	<b>113.114.364</b>	<b>45.037.781</b>
<b>7 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	6.719.036	7.685.876
Byggingarvörur, almennar .....	3.148.602	3.082.397
Byggingarvörur, aðrar .....	824.421	532.948
Tæki og búnaður til innréttinga .....	1.148.683	3.607.995
Ýmis tæki og áhöld .....	39.458.751	37.888.164
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	18.471.958	31.784.525
Orkugjafar .....	212.051.162	124.163.906
Matvæli .....	46.833.016	46.348.817
Almennar rekstrarvörur .....	14.948.185	15.450.674
Vörukaup, almenn	<b>343.603.814</b>	<b>270.545.302</b>
Vörur til landbúnaðar, ræktunar og útgerðar .....	32.393.526	49.903.229
Rannsóknarstofuefni .....	52.092.930	62.781.274
Ýmsar sérgreindar vörur .....	1.304.705	1.595.457
Vörukaup, sérgreind	<b>85.791.161</b>	<b>114.279.960</b>
Fundir, námskeið, risna .....	7.768.135	12.873.240
Ferðir, uppihald .....	110.957.525	115.436.441
Akstur .....	7.451.373	8.947.766
Sérfræðiþjónusta .....	103.773.079	88.824.526
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	478.919	338.944
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	1.895.621	2.689.222
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	35.808.035	51.532.653
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<b>268.132.687</b>	<b>280.642.792</b>
Afnotagjöld .....	72.047.289	61.740.322
Leigugjöld .....	147.179.907	149.832.887
Notkun véla og flutningatækja .....	353.340.693	274.129.890
Verkkaup .....	180.154.364	173.158.974
Kostnaðarhlutdeild .....	6.986.683	4.126.797
Áhættutap og bætur .....	595.310	444.000
Tryggingar, lögboðnar .....	13.194.442	10.948.506
Opinber gjöld .....	7.026.970	10.201.513
Tapaðar kröfur .....	0	(62.950)
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<b>780.525.658</b>	<b>684.519.939</b>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<b>1.478.053.320</b>	<b>1.349.987.993</b>

## Skýringar

	2019	2018
<b>8 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	76.972.534	64.759.126
Farartæki og vélar .....	123.590.119	123.096.549
Aðrar eignir .....	383.027	169.982
	<u>200.945.680</u>	<u>188.025.657</u>

### 9 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap

Dráttarvextir .....	159.369	225
Gengistap, verðbreytingar .....	3.619.726	14.868.617
	<u>3.779.095</u>	<u>14.868.842</u>

**31.12.2019**                      **31.12.2018**

### 10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	680.372.892	415.804.709
Farartæki og vélar .....	1.358.136.922	1.451.269.755
Aðrar eignir .....	4.126.761	2.939.018
	<u>2.042.636.575</u>	<u>1.870.013.482</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Skip og bátar	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019 .....	614.075.112	2.699.815.910	49.264.833	3.109.000	3.366.264.855
Viðbætur á árinu .....	341.540.717	3.287.237	27.170.049	1.570.770	373.568.773
Selt/niðurfært á árinu .....	0	0	0		0
	<u>955.615.829</u>	<u>2.703.103.147</u>	<u>76.434.882</u>	<u>4.679.770</u>	<u>3.739.833.628</u>
Afskriftir 1.1.2019 .....	198.270.403	1.284.026.382	13.784.606	169.982	1.496.251.373
Selt/niðurfært á árinu .....					0
Afskrift ársins .....	76.972.534	117.631.933	5.958.186	383.027	200.945.680
	<u>275.242.937</u>	<u>1.401.658.315</u>	<u>19.742.792</u>	<u>553.009</u>	<u>1.697.197.053</u>
Staða 31.12.2019 .....	<u>680.372.892</u>	<u>1.301.444.832</u>	<u>56.692.090</u>	<u>4.126.761</u>	<u>2.042.636.575</u>

### 11 Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Matsverð
<u>Eignarhlutir ríkissjóðs yfir 20% (hlutdeildaraðferð):</u>			
Rannsókn- og háskólanet Íslands hf .....	1,86%	100.000	100.000
Optitog ehf. ....	18,18%	90.896	81.204
Hvanneyrarbúið ehf .....	0%	0	0
		<u>190.896</u>	<u>181.204</u>
<u>Eignarhlutir ríkissjóðs undir 20% (kostnaðarverðsaðferð):</u>			
Háskólasetur Vestfjarða ses .....	2,86%	150.000	150.000
Þekkingasetur Vestmannaeyja ses .....	2,60%	200.000	200.000
		<u>12.489.920</u>	<u>350.000</u>
		<u>12.680.816</u>	<u>531.204</u>

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði. Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins eða stofnana þess við slit, heldur til annarra málefna en annars á kostnaðarverði.

## Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
<b>12 Tengdir aðilar</b>		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	10.695.892	0
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga .....	0	165.428.773
	<u>10.695.892</u>	<u>165.428.773</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	115.055.627	328.278.874
Viðskiptareikningur við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	18.381.612	21.582.196
	<u>133.437.239</u>	<u>349.861.070</u>
<b>13 Handbært fé</b>		
Tékkareikningar .....	77.406.669	35.377.865
Sparisjóðsreikningar .....	147.784.602	110.795.247
	<u>225.191.271</u>	<u>146.173.112</u>
<b>14 Eigið fé</b>		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
	<b>31.12.2019</b>	<b>31.12.2018</b>
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	(240.881.544)	(1.496.961)
Afkoma ársins .....	25.086.142	(239.384.583)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>(215.795.402)</u>	<u>(240.881.544)</u>
Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.		
	<b>31.12.2019</b>	<b>31.12.2018</b>
<b>15 Viðskiptaskuldir</b>		
Viðskiptaskuldir .....	180.318.776	86.697.016
	<u>180.318.776</u>	<u>86.697.016</u>
Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum .....	112.287.822	78.190.106
Viðskiptaskuldir í erlendri mynt .....	68.030.954	8.506.910
	<u>180.318.776</u>	<u>86.697.016</u>
<b>16 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	261.179.694	214.191.223
Önnur ógreidd gjöld .....	30.423.242	3.283.206
Skattar .....	5.787.042	1.193.333
	<u>310.101.746</u>	<u>218.667.762</u>

## Skýringar

### 17 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	2.042.636.575	1.870.013.482
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) .	(105.271.124)	77.397.649
	<u>1.937.365.451</u>	<u>1.947.411.131</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019 .....	1.870.013.482	77.397.649	1.947.411.131
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	125.900.000	125.900.000
Önnur framlög til fjárfestinga .....	0	65.000.000	65.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	373.568.773	(373.568.773)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(200.945.680)	0	(200.945.680)
	<u>2.042.636.575</u>	<u>(105.271.124)</u>	<u>1.937.365.451</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 124,5 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

### 18 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði sem eru ótímabundnir og nemur árleg greiðsla vegna húsaleigu kr. 120 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.